

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. ágúst 2022
Tilvísun: 202105004 / 3.4

Efni: Deiliskipulag 3ja áfanga Arnarnesvegar, Rjúpnavegur að Breiðholtsbraut. Reykjavíkurborg og Kópavogsbær

Kópavogsbær og Reykjavíkurborg hafa, með erindi dags. 20. júlí 2022, móttengið 26. júlí 2022, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 11. mars 2022. Athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn Kópavogs þann 14. júní 2022 og í borgarráði Reykjavíkur þann 7. júlí 2022 ásamt umsögn um framkomnar athugasemdir, dags. 13. maí 2022.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir nýjum 2+2 vegi ásamt tveimur nýjum hringtorgum, frá gatnamótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsvegar og Arnarnesvegar. Gert er ráð fyrir stofnstíg fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur ásamt tengistígum. Auk þess er gert ráð fyrir göngubrú/vistloki yfir veginn á tveimur stöðum. Mörk deiliskipulagssvæðis ná yfir svæði sveitarfélaga, Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar.

Samhliða var auglýst breyting að mörkum aðliggjandi deiliskipulagsáætlana:

- Deiliskipulags Hörðuvalla, 2003
- Deiliskipulags Vatnsenda athafnasvæðis, 2002
- Deiliskipulags Vatnsenda, athafnasvæðis - Tónahvarf 2, 2007
- Deiliskipulags Elliðaárdsals, 2020

Deiliskipulagsbreyting Vatnsenda, athafnasvæðis – Tónahvarf 2 hefur ekki borist Skipulagsstofnun.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 42. gr. þá ákvað Skipulagsstofnun að taka deiliskipulagið til nánari skoðunar og var sveitarsfélaginu tilkynnt um þá ákvörðun þann 28. júlí 2022.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. 13. desember 2021, með breytingum dags. 13. maí 2022 og á uppdrætti í mkv. 1:2000 með sömu dagsetningum.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þegar gengið hefur verið frá breytingu á skipulagsmörkum hverfisskipulags Seljahverfis og Efra-Breiðholts til samræmis við deiliskipulagssvæði 3ja áfanga Arnarnesvegar. Skipulagsmörk mega ekki skarast sbr. gr. 5.3.1 í skipulagsreglugerð.


Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

Afrit: Kópavogsbær



Reykjavík 27. september 2022

Varðar: Arnarnesvegur, nýtt deiliskipulag.

Lagt er fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. ágúst 2022 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsinga um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þegar gengið hefur verið frá skipulagsmörkum hverfisskipulags Seljahverfis og Efra Breiðholts til samræmis deiliskipulagssvæðis 3. áfanga Arnarnesvegar. Skipulagsmörk mega ekki skarast sbr. gr. 5.3.1 í skipulagsreglugerð.

Um er að ræða að útmörk hverfisskipulags Efra-Breiðholts og Seljahverfis skarast á við deiliskipulag Arnarnesvegar eins og áður hefur komið fram. Skýringin er það kemur fram í skilmálaeiningum, bæði einingar 6.2.26 í Efra Breiðholti og 6.3.31 í Seljahverfi. Sjá myndir á næstu bls. og er greinargerðin því í raun í ósamræmi við uppdráttinn þar sem skipulagsmörk eru klárlega afmörkuð þannig að þessar einingar eru innan þess. Því þarf að gera breytingu á uppdráttunum þannig að samræmi sé á milli. Á uppdráttunum hverfisskipulagsins eru teiknuð inn eigindi (veglínur, göngustígar og fleira) sem hafa skilgreiningu innan þessa svæða. Ef þessi eigindi eru mismundandi á milli skipulagsáætlana skapast óvissa um hvað sé í raun í gildi. Einnig ef það kæmi upp að það þarf að gera breytingar á skipulagi innan svæðanna þá þyrfti í raun að gera það á báðum skipulagsáætlunum. Þess vegna er ákvæði innan skipulagsreglugerðar sem er sett fram til að koma í veg fyrir að þetta gerist og það er gr. 5.3.1 um afmörkun deiliskipulags, sjá að neðan:

Deiliskipulag skal að jafnaði ná til reits eða svæða sem mynda heildstæða einingu eins og svæði með sömu landnotkun, svæði afmarkað af götum, húsaþyrpingu, svo sem á landbúnaðarsvæðum, eða annað sem gefur sameiginlegar forsendur fyrir viðkomandi deiliskipulag. Í greinargerð deiliskipulags skulu færð rök fyrir afmörkun skipulagssvæðisins. Deiliskipulagssvæði mega ekki skarast.

NIÐURSTAÐA

Lagt er til að gerðar verði óverulegar breytingar á hverfisskipulagi Efra Breiðholts og Seljahverfis sbr. það sem kemur fram hér að ofan þar sem fyrrgreindar skilmálaeiningar eru felldar úr hverfisskipulagi og gögn/ uppdrættir uppfært í samræmi við það. Með því þá verður engin skörun lengur á skilmálaeiningum í hverfisskipulagi og nýju skipulagi Arnarnesvegar. Þegar samþykkt liggur fyrir í umhverfis- og skipulagsráði þá er lagt til að bæði breytingartillögur fyrir hverfisskipulag og nýtt deiliskipulag fyrir Arnarnesveginn hljóti staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda samtímis.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs,
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson.**

SKILMÁLAEINING 6.2.26

Veghelgunarsvæði (Arnarnesvegur og Breiðholtsbraut)

Án heimilisfangs

Um skilmálaeiningu

Svæðið er ekki hluti af hverfisSKIPULAGI. Gera þarf sérstakt deiliskipulag fyrir svæðið.

Skilmálaeiningin afmarkast af fyrirhuguðum vetrargarði í vestri og sveitafélagsmörkum Kópavogs í austri.

Engin byggð er innan einingarinnar.

Helstu áherslur

Skilmálaeiningin er afmörkuð sem veghelgunarsvæði fyrir fyrirhugaðan Arnarnesveg sem tengja mun Kóra- og Salahverfi í Kópavogi við Breiðholtsbraut.

Unnið verður sérstakt deiliskipulag fyrir svæðið. Eftir að uppbyggingu svæðisins er lokið skv. nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir að skipulagið verði fellt úr gildi og einingin sameinuð hverfisSKIPULAGI.

SKILMÁLAEINING 6.3.31

Veghelgunarsvæði Arnarnesvegur

Um skilmálaeiningu

Svæðið er ekki hluti af hverfisSKIPULAGI. Gera þarf sérstakt deiliskipulag fyrir svæðið.

Skilmálaeiningin afmarkast af Breiðholtsbraut í suðri, þróunarsvæði fyrir nýja íbúðabyggð við Suðurfell í vestri og norðri og Elliðaárdal í austri.

Skilmálaeiningin er óbyggð svæði en um hana liggja göngustígar sem tengja Efra- Breiðholt við Elliðaárdal og áfram yfir í Árbæ og Kópavog.

Helstu áherslur

Skilmálaeiningin er afmörkuð sem veghelgunarsvæði fyrir fyrirhugaðan Arnarnesveg sem tengja mun Kóra- og Salahverfi í Kópavogi við Breiðholtsbraut.

Unnið verður sérstakt deiliskipulag fyrir svæðið. Eftir að uppbyggingu svæðisins er lokið skv. nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir að skipulagið verði fellt úr gildi og einingin sameinuð hverfisSKIPULAGI.

